

AUGLÝSING um breytingu á gjaldskrá nr. 1356/2018 fyrir hundahald í Hveragerðisbæ

1. gr.

1. grein gjaldskrárinnar orðist svo:

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 555/2007 um hundahald í Hveragerði skulu greiða gjöld sem hér segir:

Skráningargjald	kr. 17.140
Árgjald fyrir hundaleyfi	kr. 17.140

Eigendur skráðra hunda greiða ekki handsömunargjald í tvö skipti á ári.

Árgjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Dráttar-vextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga. Veittur er 25% afsláttur ef eigandi hunds hefur farið á námskeið í hundahaldi og 25% afsláttur til elli- og örorku-lífeyris-þega.

2. gr.

Auglýsing þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 8. desember 2022 með tilvisun til heimildar í samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 555/2007 staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur nú þegar gildi.

Hveragerði, 8. desember 2022

Geir Sveinsson bæjarstjóri.

